

Viðvörðun vegna óveðurs

Veðurstofu Íslands, miðvikudaginn 18. október 2016 kl. 16:00

Viðvörðun

Spáð er sunnan- og suðaustan stormi eða -roki (20-28 m/s) á landinu á morgun og á aðfaranótt fimmtudags. Það hvessir á vestur helmingi landsins strax í fyrramálið, en norðaustanlands annað kvöld. Mesti vindhraði verður á norðanverðu Snæfellsnesi, þar sem vindhviður geta farið yfir 40 m/s, en einnig verður mjög hvasst sums staðar á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesskaga. Einnig er búist við talsverðri úrkomu sunnan- og vestanlands.

Nánar um útlitið:

Sunnan úr hafi nálgast víðáttumikil og dýpkandi lægð, sem mun koma inn á Grænlandshaf snemma í fyrramálið. Skil lægðarinnar ganga síðan norður yfir landið síðdegis og hvessir talsvert í kjölfarið, en spáð er stormi eða roki (20-28 m/s) á vestanverðu landinu. Það hvessir talsvert á norðaustanverðu landinu annað kvöld en fer heldur að draga úr vindi og úrkomu sunnan- og vestanlands á fimmtudagsmorgun. Reikna má með sunnan hvassviðri eða -stormi (yfir 20 m/s) á Norðurlandi fram eftir fimmtudegi.

Ásamt storminum er spáð talsverðri rigningu um landið sunnan- og vestanvert á morgun, og fram yfir hádegi á fimmtudag, 20. október. Búast má við mestri úrkomu í kringum fjöll og jökla á þessum svæðum og þar gæti sólarhringsúrkoma farið vel yfir 100 mm. Varað er við vexti í ám á Snæfellsnesi, á Hvítárvæðinu (bæði vestur og suður af Langjökli), kringum Eyjafjalla- og Mýrdalsjökul og við sunnanverðan Vatnajökul. Fólk er beðið um að sýna aðgát í nágrenni vatnsfalla og sérstaklega ef fara þarf yfir ár, þar sem vöð geta orðið varhugaverð.

Fyrir hönd Eftirlits- og spásviðs Veðurstofunnar,

Elín Björk Jónasdóttir, fagstjóri almennrar veðurþjónustu

Hrafn Guðmundsson, vakthafandi veðurfræðingur

Þorsteinn V. Jónsson, vakthafandi veðurfræðingur

Matthew J. Roberts, fagstjóri vatnavár

Sigurdís Björg Jónasdóttir, vakthafandi náttúruvársérfræðingur

